

Rafpósturinn

43. árg.

1557 tbl.

26. nóvember 2009

Ferðasaga

Nýliðnu sumri verður án efa í framtíðinni minnst sem ferðasumrinu mikla hér innanlands en sjaldan eða aldrei hafa Íslendingar verið jafn ötulir við að kynnast eigin landi og þjóð og á liðnu sumri. Það væri án efa að bera í bakkafullan lækinn að tilgreina ástæðu þessarrar innanlandsferðagleði og Íslandsnostalgu okkar í ár. Sá sem hér talar var í þessum stóra hópi sem lagði Ísland undir fót á liðnu sumri.

Um miðjan júlí var förinni heitið vestur á firði en helgina 17. til 19. júlí fór fram sautjándi Óshlíðarhlaup þar sem hlaupið var á tveimur jafn fljótum frá Bolungarvík um Óshlíð og inn á Ísafjörð alls 21 km. Ég sendi að sjálfsögðu eiginkonuna hana Hrefnu sem okkar fulltrúa í Óshlíðarhlaupið en tveimur dögum seinna þann 19. júlí tókum við svo bæði þátt í Vesturgötuhaulpinu milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar en með okkur þar voru meðal annarra þau skötu hjú Öddi Ragnars og Magga Aðalsteins. Ég læt Erni eftir að segja alla hlaupasöguna enda er ég ekki full fær um það þar sem ég skjögraði einungis hálfa Vesturgötu rúma 12 km en Öddi og Magga fóru heila götu eða 25 km.

Eftir mikla hlaupahelgi skildu leiðir, Öddi og Magga tóku kúrsinn inn Ísafjarðardjúp en við Hrefna héldum vestur eftir til Arnarfjarðar.

Ekið var frá Ísafirði yfir í Önundarfjörð og þaðan til Dýrafjarðar um Hrafnseyrarheiði niður í Arnarfjörð. En Arnarfjörður er annar stærsti fjörðurinn á Vestfjörðum eftir Ísafjarðardjúpi. Þegar komið er niður af Hrafnseyrarheiðinni liggur leiðin neðan við bæinn Hrafnseyri þar sem Jón Sigurðsson forseti fæddist árið 1811. Leiðin liggur svo áfram inn Hrafnseyrarhlíð fram hjá Mjólkárvirkinum um Dynjandisvog og upp á Dynjandisheiði og þaðan niður í Suðurfirði til Bíldudals.

Á Bíldudal var ákveðið að hafa næturstað. Ég hafði keypt í Rúmfatalagernum á Akureyri heljarstórt tjald, þremur dögum fyrir Vestfjarðaförina. Við hjónin höfðum haldið tjaldæfingu í garðinum heima í Drekahlíðinni en sökum þess hve tjaldið var stórt þá náðum við aldrei að reisa ferlíkið því garðurinn var einfaldlega ekki nógu stór.

Tjaldsvæðið á Bíldudal er niður við höfnina, rétt við íþróttahúsið eins og víða annars staðar í bæjum þessa lands.

Þegar við renndum inn á tjaldsvæðið var ekki eitt einasta tjald á svæðinu og okkur ætti því ekki að verða skotaskuld úr því að breiða úr tjaldinu stóra. Ég dró tjaldleiðbeiningarnar strax upp eins og sönnum verkfræðingi sæmir sem rýnir í teikningu á byggingarstað. Breitt var úr tjaldinu sem þakti nú stóran hluta af tjaldsvæði þeirra Bíldælinga og fíbersúlurnar, burðarvikið, þræddar í slíðrin eins og teikningin sýndi. Þá var tekið til við að reisa yfirtjaldið og festa með böndum og hælum. Mikil barátta hófst nú við að rétta tjaldið af enda hafði aðeins bætt í vind. Hrefna fór nú að gera athugasemdir við verklag mitt og hafði uppi efasemdir um að ég væri verkfræðingur. Eftir rúma klukkutíma baráttu tókst okkur þó að „ganga“ skammlaust frá tjaldinu þannig að það ætti að „hanga“ uppi yfir nóttina.

Rétt þegar við erum farin að kasta mæðinni eftir baráttuna við tjaldið rennir bíll inn á svæðið og út snarast maður og fer að bera út töskur og búnað meðan konan trítlar inn í íþróttahúsið með tvö lítil börn.

Á tíu mínútum er þessi snaggaralegi maður einn síns liðs búinn að reisa nákvæmlega eins tjald og okkar hjóna. Mikið var ég feginn að engir áhorfendur voru á svæðinu þegar við Hrefna vorum að tjalda.

Morgundagurinn rann upp bjartur og fagur og Arnarfjörðurinn skartaði sínu fegursta. Betur gekk að fella tjaldið en að koma því upp og að því loknu kvöddum við tjaldsvæðið á Bíldudal og héldum út í Ketildali en svo kallast dalirnir á suðurströnd Arnarfjarðar frá Bíldudal og út á Kópsnes. Förlinn var heitið út í Selárdal sem er næst ystur dalanna. Þekktustu íbúar Selárdals í seinni tíð eru án efa einsetumaðurinn Gísli heitinn á Uppsölum sem Ómar Ragnarson gerði ódauðlegan í Stikluþáttum sínum og Samúel Jónsson, listamaðurinn með barnshjartað. Samúel bjó í Brautarholti í Selárdal en hann var einkar listrænn og málaði mikið á yngri árum en ferill hans reis hvað hæst þegar hann byggði sína eigin kirkju á sinni landareign. Samúel fór út í kirkjusmíðina þegar sóknarnefndin í Selárdal vildi ekki þiggja altaristöflu sem hann hafði málað fyrir kirkjuna í Selárdal. Samúel gerði líka mörg listaverk þarna í Brautarholti úr steinsteypu en þessi listaverk hafa látið verulega á sjá og lágu undir skemmdum. En félagsskapur var stofnaður fyrir nokkrum árum sem hafði það að markmiði að varðveita þessi listaverk og hefur markvisst verið unið að lagfæringum á þeim undanfarin sumur.

Eftir nokkurt stopp í Selárdal kvöddum við heimkynni Gísla á Uppsölum og listamannsins með barnshjartað og ókum til baka til Bíldudals en ferðinni var heitið til Patreksfjarðar en þar fengum við inni hjá systur minni og tjaldið stóra, fékk að liggja í friði í bílnum.

Næsta dag er við vorum farin að hugsa til heimferðar á Krókinn fékk Hrefna þá flugu í höfuðið að gaman væri að gista í tjaldinu, eina nótt í Vattarfirði sem er gróðurmikill eyðifjörður í Austur Barðastrandarsýslu. Baráttan við tjaldið á svæðinu við íþróttahúsið á Bíldudal var mér enn ofarlega í minni. Ég sagði Hrefnu að ég hefði verið að kíkja á veðurspána og það væri í raun spáð fremur leiðinlegu veðri þarna syðra á Barðaströndinni, úrhellisrigningu og roki. Mikill var minn léttir þegar ákveðið var að gista aðra nótt á Patró áður en ekið yrði rakleiðis daginn eftir til Skagafjarðar.

Gunnar Helgi Guðmundsson